

Mánudaginn 12. maí 1997.

Nr. 188/1997.

Baldur Ágústsson

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að máli sóknaraðila á hendur honum yrði vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt héraðsdómsstefnu höfðaði sóknaraðili málið til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir, er honum var sagt upp starfi flugumferðarstjóra og hann sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu. Byggir hann á þeirri málsástæðu, að uppsögn sín hafi ekki verið reist á réttmætum sjónarmiðum og hann því orðið af bótum samkvæmt skírteinistryggingu eftir kjarasamningi og frjálsri hóptryggingu og greiðslum úr lífeyrissjóði allt frá sviptingu skírteinisins. Í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi var aðallega krafist frávísunar málsins með þeim rökum, að málatalibúnaður og kröfur sóknaraðila væru vanreifaðar.

Héraðsdómari styður niðurstöðu sína um frávísun aðallega þeim rökum, að ekki hafi á það reynt, hvort sóknaraðili hafi, að einhverju leyti eða öllu, orðið af skírteinistryggingu þeirri, sem hann hafi átt rétt á, vegna missis starfsréttinda af heilsufarsástæðum. Krafa sóknar-

aðila um skaðabætur úr hendi varnaraðila komi ekki til álita, fyrr en úr því hafi verið skorið.

Af gögnum málsins virðist mega álykta, að sóknaraðila hafi verið neitað um greiðslu bóta samkvæmt fyrrgreindri skírteinistryggingu. Jafnvel þótt greiðslu hefði ekki verið neitað, leiðir það ekki til slíks galla á málalilbúnaði sóknaraðila, að frávísun málsins varði.

Fallast verður á það með varnaraðila, að málalilbúnaður sóknaraðila í héraðsdómsstefnu sé ekki svo skýr sem æskilegt væri. Hins vegar verður ekki talið, að sá annmarki sé slíkur, að ekki megi bæta úr honum við aðalmeðferð málsins í héraði.

Samkvæmt þessu eru ekki næg efni til að fallast á kröfu varnaraðila um frávísun málsins. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, íslenska ríkið, greiði sóknaraðila, Baldri Ágústssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1997.

I.

Mál þetta var höfðað á hendur stefndu með stefnu, birtri 17. maí 1996.

Stefnandi er Baldur Ágústsson, kt. 160944-2699, Þérodssstöðum v/Skógarhlíð, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra vegna flugmálastjóra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 31.678.280 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá þingfestingardegi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 31.069.400 kr. með vöxtum eins og í aðalkröfu. Til þrautavara er krafist skaðabóta að mati réttarins ásamt vöxtum frá 25. september 1984 og dráttarvöxtum eins og í aðal- og varakröfu. Þá er krafist málskostnaðar in solidum að mati réttarins eða skv. málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Hinn 24. mars sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu, og er sá þáttur einungis til úrlausnar hér.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að kröfu stefndu um frávísun málsins verði hrundið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins.

Dómari fékk máli þessu úthlutað 1. júlí 1996. Með bréfi, dags. 3. júlí sl., boðaði dómari aðila til þinghalds í málinu 4. september s. á. Í þinghaldi þann dag óskaði lögmaður stefndu, að dómari viki sæti í málinu. Með úrskurði, upp kveðnum 2. október 1996, var kröfu stefndu hafnað. Málið var tekið fyrir 7. og 9. nóvember s. á. til gagnaöflunar af hálfu stefnanda. Hinn 9. desember sl. voru að beiðni lögmanns stefnanda dómkvaddir matsmenn til að meta nánar tilgreind atriði. Matsgerð var lögð fram 6. mars sl. og málinu frestað til flutnings um frávísunarkröfu stefndu 24. s. m.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi starfaði sem flugumferðarstjóri, þegar hann var 25. september 1984 sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu. Í stefnu segir: „Ástæður sviptingarinnar voru tilgreindar brot á starfsskyldum, en aðeins 8 dögum áður, 17. september 1984, hafði Hannes Pétursson geðlæknir komist að þeirri niðurstöðu, að stefnandi „fullnægði því ekki lengur ákvæðum heilbrigðis-skilyrða reglugerðar um skírteini, út gefin af flugmálastjórn“. Stefnanda var ekki kynnt niðurstaða geðlæknisins, þrátt fyrir það að eftir væri leitað, og þar sem sjúkdómur hans var kvíði og „depurð“, treysti hann sér ekki til að fara í málarekstur fyrr en fáum dögum áður en 10 ár voru liðin frá sviptingu skírteinisins. Þegar af stað var farið með þann málarekstur, var ekki vitað um þær staðreyndir málsins, er upplýstust undir málarekstrinum og liggja nú fyrir, og voru kröfur því ekki reistar á þeim grunni, sem síðar kom í ljós. Var kröfum því vísað frá dómi með dómi.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað í framhaldi frávísunardóms Héraðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1995 í málinu nr. 7955/1994 milli sömu aðila.

Stefnandi reisir kröfu sína á þeirri niðurstöðu fyrrgreinds dóms, að uppsögn stefnanda hafi ekki verið byggð á réttmætum sjónarmiðum. Er því haldið fram, að niðurstaða dómsins sé bindandi um þann þátt málsins, og sé því einungis eftir að dæma um fjárhæð. Stefnandi hafi orðið af skírteinis-tryggingu, frjálsri hóptryggingu og greiðslum úr lífeyrissjóði allt frá sviptingu skírteinisins.

Aðalkrafa sundurliðast þannig:

A. Vegna svokallaðrar skírteinistryggingar 14.624.900 kr.

B. Vegna hóptryggingar 3.405.500 kr.

C. Vegna ógreidds lífeyris í 140 mánuði, þ. e. frá 1. október 1984 til þingfestingardags, sem verið hefði á launakjörum þess dags 41,66% af 212.937 kr. af fastalaunum, 88.710 kr. á mánuði, auk 1.632 kr. af vaktaálagi, samtals 90.342 kr. á mánuði, alls 12.647.880 kr., sem gerð sé krafa um, að greiddar verði í einu lagi.

D. Miskabætur 1.000.000 kr.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að aðal- og varakrafa sé samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á því, hvert tjón stefnanda hafi orðið miðað við 21. maí 1996. Af 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 leiði, að krafa, eins og sett sé fram í máli þessu, sé fullkomlega eðlileg og sjálfsögð. Þannig komi ekki til greina að reikna t. d. óverðtryggða sparisjóðsvexti, enda eigi frekar við sjónarmið um refsivexti í máli þessu en sjónarmið um frjálsan sparnað. Miskabótakrafan sé sett fram til að freista þess, að stefnandi fái bætta með peningum þá ómannúðlegu meðferð, sem hann hafi hlotið.

Varakrafan sundurliðast eins og aðalkrafan, en í stað fjárhæðar skv. C-lið er þess krafist, að farið verði eftir útreikningum tryggingafræðings, hvað varðar uppsafnaðar, verðbættar og vaxtaðar lífeyrisgreiðslur. Prautavarakrafan þarfnist ekki skýringar.

Stefndu reisa kröfu sína um, að málinu verði vísað frá dómi, á því, að málið sé vanreifað og málsgrundvöllur óljós. Ekki sé að finna útskýringu í stefnu eða málsögnum á því, hver sé grundvöllur fjárkröfu hans og tengsl við bótaskyld tjón. Ekkert eðlilegt samhengi sé þannig milli þeirra stjórnvaldsathafna, sem stefnandi telur leiða til bótaskyldu og ætlaðs tjóns. Stefndi geri í málinu kröfur um svokallaða skírteinistryggingu, frjálsa hóp-sjúkra- og hópslysatryggingu, ógreiddan örorkulífeyri og bætur fyrir miska. Í stefnu segi stefnandi hins vegar málið höfðað til greiðslu skaðabóta. Þar sem málgrundvöllur sé svo óljós, telja stefndu ókleift, að dómur verði lagður á kröfur stefnanda, og beri því að vísa málinu öllu frá dómi. Telja stefndu málátilbúnaðinn ósamrýmanlegan meginreglum réttarfars um skýran og glöggan málátilbúnað, sbr. einkum d- og -lið (sic) 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Beri að vísa málinu frá dómi.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Hinn 21. nóvember 1995 var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu E-7955/1994, sem rekið var milli sömu aðila. Í forsendum dómsins segir m. a.:

„Stefnandi höfðar mál þetta á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna afturköllunar flugumferðarstjóraskírteinis og sviptingar réttar til atvinnu sem flugumferðarstjóri. Undir rekstri málsins komu fram gögn, er sýndu, að stefnandi fullnægði ekki skilyrði til starfs síns sem flugumferðarstjóri, þegar hann var sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu og var í kjölfar þess látinn hætta störfum vegna brots í starfi. Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sú uppsögn stefnanda hafi ekki verið reist á réttmætum sjónarmiðum. Stefnandi naut samkvæmt kjarasamningi réttar til skírteinistryggingar vegna missis réttinda af heilsufarslegum ástæðum, ef ekki hefði komið til uppsagnar hans. Þar sem dómkrafa stefnanda er krafa um skaðabætur, er ekki unnt að dæma um hana, fyrr en reynt hefur á, hvort skírteinistrygging stefnanda verði greidd, enda kæmi sú greiðsla svo og lífeyrisréttindi o. fl. til skoðunar og eftir atvikum til frádráttar bótakröfu hans. Samkvæmt því þykir rétt að vísa kröfu stefnanda frá dómi.“

Stefnandi rekur mál þetta sem skaðabótamál, en aðalkrafa hans er um greiðslu skaða- og miskabóta. Telur stefnandi sig eiga kröfu til höfuðstólsverðmætis skírteinistryggingar, frjálsrar hóptryggingar og bóta vegna missis lífeyris, allt frá því er hann var sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu árið 1984.

Samkvæmt kjarasamningi stefnanda naut hann réttar til skírteinistryggingar vegna missis réttinda sem flugumferðarstjóri af heilsufarslegum ástæðum. Sú trygging er umsamin í CHF (svissneskum frönkum) eða jafngildi þeirra í íslenskum krónum. Ekki er gerð krafa um greiðslu þeirrar tryggingar. Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn, er hins vegar við það miðað, að stefnandi hafi orðið af skírteinistryggingunni að einhverju eða öllu leyti. Á þetta hefur hins vegar ekki reynt. Kröfur stefnanda um skaðabætur úr hendi stefnda koma hins vegar ekki til álita, fyrr en úr því hefur verið skorið. Samkvæmt kröfu stefndu ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa stefndu, samgönguráðherra vegna flugmálastjóra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands, að máli þessu verði vísað frá dómi, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.